

einkaréttar vegna framkvæmda á fyrirskipunum nefndarinnar um hljóðdeyfigu. Þar sem ekkert er fram komið, sem hnekki því, að fyrirmæli nefndarinnar hafi einnig að öðru leyti verið á rökum reist, verður ákærði talinn sekur um þá hegðun, sem í ákæru greinir og þar er rétt færð til refsíákvæða. Með hliðsjón af öllum málsatvikum og með vísan til 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir hins vegar mega ákveða, að refsing ákærða skuli niður falla.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 6.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Tómasar Heiðars Tómassonar, fellur niður.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. marz 1968.

Nr. 58/1967. **Ragnar Þórðarson** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Ólafi Þorgrímssyni hrl. f. h. Dolcis Ltd.,
Mill Road Kettering, Northants, Englandi
 (Jón Hallvarðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og
 Legi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
 Theodór B. Línal.

Vixilmál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1967. Krefst hann þess aðallega, að héraðs-

dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966 og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Aðiljar eru sammála um, að með orðunum „Messrs Ragnar Thordarson (Wholesale) P.O. Box 96 Reykjavík Iceland“ í skjali því, er í málinu greinir, sé átt við firmað Ragnar Þórðarson, heildverzlun h/f. Áfrýjandi ritaði nafn sitt sem samþykkjandi. Fór sú nafnritun fram hér á landi. Þar sem áfrýjandi var eigi greiðandi, er nafnritun hans sem samþykkjandi ógild að vixilrétti, sbr. 25. gr. vixillaga nr. 93/1933. Ákvæði 31. gr. sömu laga veita eigi heldur stefnda vixilrétt á hendur áfrýjanda, sbr. 4. mgr. Málið varð því eigi rekið sem vixilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber af þessum sökum að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson hrl. f. h. Dolcis Ltd., Mill Road Kettering, Northants, Englandi, greiði áfrýjanda, Ragnari Þórðarsyni, kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar s.l., hefur Ólafur Þorgrímsson, Austurstræti 14, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Dolcis

Ltd., Mill Road Kettering, Northants, Englandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. okt. 1966, gegn Ragnari Þórðarsyni, Aðalstræti 9, Reykjavík, til greiðslu in solidum með Ragnari Þórðarsyni, heildverzlun h/f, á vixli að fjárhæð £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966, en með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. og lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefnandi reisir stefnukröfuna á vixli að fjárhæð £ 823-16-1, útgefnum af stefnanda hinn 24. febrúar 1964 á hendur „Messrs Ragnar Thordarson (Wholesale) P. O. Box 96, Reykjavík, Iceland“. Í texta víxilsins er tekið fram, að hann skuli greiða 60 dögum eftir sýningu. Vixillinn er samþykktur af stefnda til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, hinn 3. maí 1964. Er þetta samþykki þannig úr garði gert, að yfir þvera framhlið víxilsins er stimplað „Accepted payable on the ... at Landsbanki Íslands, Reykjavík“. Er sýnilega til þess ætlað, að gjalddagi sé færður í þessa eyðu. Á brún víxilsins er ritað 3/5 '64, og virðist það vera sú tímasetning gjalddaga, sem ætlað er til, að komi í eyðuna. Undir þennan texta kemur nafnritun stefnda, sem er staðhæfð í Reykjavík, en ekki tímasett. Vixillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. maí 1964.

Af hálfu stefnanda er tekið fram, að hann hafi höfðað mál út af þessum sama vixli með stefnu, birtri 24. júní 1965, gegn Ragnari Þórðarsyni, heildverzlun h/f, og var dómur í því máli kveðinn upp hinn 29. júní 1965. Var nefnt hlutafélag dæmt til þess að greiða stefnanda víxilfjárhæðina ásamt vöxtum og kostnaði.

Stefnandi telur stefnda hafa samþykkt umræddan víxil persónulega, en ekki fyrir hönd nefnds hlutafélags, og sé stefndi því persónulega ábyrgur fyrir umræddri víxilskuld. Umrætt hlutafélag hafi hins vegar þegar verið dæmt til greiðslu þessarar víxilfjárhæðar og sé af þeim ástæðum krafist dóms yfir stefnda in solidum með því hlutafélagi.

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að hann hafi haft í hyggju að stimpla á vixilinn nafn umrædds hlutafélags, enda hafi hann alls ekki ætlað að taka á sig persónulega ábyrgð á víxilskuldinni. Komi glögglega fram af orða-

lagi víxiláskorunarinnar, að það hafi verið tilætlun aðilja, að fyrrgreint hlutafélag yrði samþykkjandi víxilsins. Hafi stefnanda verið þetta fyllilega ljóst, svo sem greinilega komi í ljós af þeirri háttsemi hans að fara á sínum tíma í mál við hlutafélagið, en eigi stefnda persónulega. Tekur stefndi í því sambandi fram, að með fyrri málshöfðuninni hafi stefnandi, svo bindandi sé, fallizt á, að heildverzlunin, en eigi stefndi persónulega, sé bundin samkvæmt víxlinum. Hafi stefnandi þannig firrt sig öllum rétti á hendur stefnda persónulega. Bendir stefndi enn fremur í þessu sambandi á, að þegar hafi fallið óáfrýjanlegur dómur um, að fyrrgreint hlutafélag sé skuldbundið samkvæmt víxlinum, og komi því auðvitað ekki til greina að telja stefnda jafnframt persónulega bundinn samkvæmt þessum sama víxli.

Við munnlegan málflutning var tekið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi geti ekki fallizt á, að ofangreindar varnarástæður stefnda komist að í víxilmáli þessu. Af því tilefni var af hálfu stefnda tekið fram, að stefndi áskildi sér bótarétt, ef svo yrði litið á, að varnarástæður þessar kæmust ekki að og hann yrði dæmdur til greiðslu víxilsins.

Fyrrgreindur dómur frá 29. júní 1965 bindur ekki dómara við úrlausn þessa máls, þar sem aðiljar eru ekki hinir sömu. Eigi hefur stefndi í samþykki sínu tekið fram, að hann komi þar fram fyrir hönd hlutafélagsins Ragnars Þórðarsonar, heildverzlunar. Verður því að telja stefnda sjálfan persónulega skuldbundinn til greiðslu víxilsins. Þar sem fallast verður á með stefnanda, að fyrrgreindar varnir stefnda séu eigi þannig vaxnar, að þeim verði án samþykkis stefnanda komið að í víxilmáli, ber að dæma stefnda persónulega til að greiða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, og auk þess til greiðslu banka- og afsagnarkostnaðar, kr. 416.00. Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00. Ragnar Þórðarson, heildverzlun h/f, er ekki aðili þessa máls, og þykja því ekki rök til að dæma stefnda til greiðslu framangreindra fjárhæða in solidum með því fyrirtæki, þótt það hafi áður verið dómfellt, en með þessu er hins vegar ekki haggað við framangreindri niðurstöðu um það, að stefndi beri að fullu persónulega ábyrgð á hinum dæmdu fjárhæðum.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson, greiði stefnanda, Ólafi Þorgrímsyni hrl. f. h. Dolcis Ltd., £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966 og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1968.

Nr. 23/1967. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
 gegn
Einari Braga Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Fégjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1967 og gert þær dómkröfur, „að hin átöldu orð í greininni 15. nóv. 1963 verði dæmd dauð og ómerk, að stefndum verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, að honum verði dæmt að greiða“ sér „kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóv. 1963 til greiðsludags og að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð“. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Mál þetta er risið af ummælum, sem birtust í 42. og 43. tölublaði 12. árgangs vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kom dagana 2. og 15. nóvember 1963. Eru ummælin tekin